



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

STÆR1RX05
(einstaklingsmiðað stærðfræðináám)

Kennarar:	Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir (GHG) helg@fsu.is Ingunn Helgadóttir (IH) ingunn@fsu.is Kristjana Sigríður Skúladóttir (KSS) kristjanas@fsu.is
-----------	--

Áfangalýsing:

Viðfangsefni áfanga:

STÆR1RX05 hefur ekki eiginlega námsáætlun heldur gefur hann nemendum tækifæri til að taka stærðfræðáfanga í FSu á sínum hraða. Þess vegna þarf hver og einn nemandi að skoða námsáætlun þess áfanga sem hann fylgir.

Ábyrgð nemenda: Í upphafi áfangans gera nemendur eigin áætlun og setja sér markmið. Aðeins nemendur sem ráða vel við að mæta í kennslustundir og sinna náminu af samvisskusemi fá aðgang að námi í STÆR1RX05. Símanotkun í kennslustundum er óheimil nema með sérstöku leyfi kennara.

Undanfari: enginn

Þekkingar-, leikni-, og hæfniviðmið – eru þau sömu og koma fram í almenna áfanganum sem nemandi leggur stund á innan RX- hópsins.

Námsefni:

- Sú kennslubók sem tilheyrði námsáætlun almenna stærðfræðiáfangans þegar nemandinn byrjaði í honum.
- Nemendur þurfa sjálfir að kaupa þær námsbækur sem áfangarnir krefjast og það er mjög mikilvægt að þau séu með sinn eigin vasareikni (scientific).

Áætlun (viðmiðun) um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar.	
5 - 8	2-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.	Hlutapróf 1 í viku 5
9 - 12	1-27. mars.	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	Hlutapróf 2 í viku 12
13 - 16	7.- 30. apríl		
17 - 19	4.- 24. maí	Dimissjón 8. Maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Hlutapróf 3 í viku 18

Þetta er dæmi um lágmarkshraða. Auðvitað má nemandinn fara hraðar yfir efnið og gott er að miða við þann hraða sem er í almenna áfanganum.

Sérreglur áfangans:

Gert er ráð fyrir að nemendur ljúki almennum áfanga á tveimur til þremur önnum eða fyrr, tímarammi áfangaloka er opinn að þessu leiti. Nemandi þarf að sýna vinnuframlag í áfanga til að hafa heimild til að vera í 3 annir.

Ef að nemandi hefur ekki lokið almennum áfanga eftir 3 annir, er réttast að viðkomandi taki hlé í viðkomandi fagi.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Ef nemandi klárar námsefnið í sínum áfanga fær hann einingarnar þaðan, og L (lokið án eininga) fyrir RX áfangann. Ef nemandi klárar ekki námsefni síns áfanga fær hann Staðið/Fallið fyrir vinnuframlag sitt í RX, og þá einingar fyrir RX ef við á.

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 5. janúar 2026

Kennarar:

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

Ingunn Helgadóttir

Kristjana Sigríður Skúladóttir

Sviðstjóri:

Jónína Ósk Ingólfsdóttir